

**167. fundur skólanefndar Menntaskólans á Egilsstöðum  
haldinn 22. nóvember 2023 kl 17:00 í fundarherbergi skólans**

Mætt voru skólanefndarmennirnir: Skúli Björn Gunnarsson formaður, Stefán Bogi Sveinsson, Kristján Ketill Stefánsson sem varamaður Sigrúnar Birnu Björnsdóttur, og Þorvaldur P. Hjarðar, sem varamaður Þuríðar Lillýjar Sigurðardóttur. Auk þess mættu áheyrnarfulltrúarnir: Björn Gísli Erlingsson f.h. kennara, Eygló Björg Jóhannsdóttir f.h. foreldra og Sebastián Andri Kjartansson f.h. nemenda. Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Jóney Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar.

1. Fundargerð 166. fundar undirrituð/samþykkt af hlutaðeigandi
2. Gangurinn í skólastarfinu
3. Fjármál og mótvægisáðgerðir
4. Starfsmannamál vorannar
5. Félagslíf nemenda – á döfinni
6. Önnur mál

Skúli Björn Gunnarsson formaður setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár.

**1. Fundargerð 166. fundar undirrituð og samþykkt af hlutaðeigandi**

Fundargerð 166. fundar var staðfest með undirritun.

**2. Gangurinn í starfinu**

Skólameistari sagði frá skólastarfinu frá síðasta fundi. Spannarskil voru um miðjan október. Seinni spönn byrjaði ljómandi vel en aðeins er um auknar fjarvistir og þrír nemendur hafa hætt í dagskólanámi og skráð sig í fjarnám. Skólastarfið gengur vel. ABC barnahjálp kom í heimsókn og tveir rithöfundar úr Rithöfundalestinni. Jólagleði Búbótar verður næstkomandi föstudag á Eiðum. Spurt var um umbótaáætlun og ákveðið að fara yfir hana á næsta fundi. Í vikunni var haldinn starfsmannafundur þar sem farið var yfir jafnlaunavottunina og niðurstöður hennar. Brautskráning verður í Egilsstaðakirkju 21. desember. Útskriftarefni eru 20. Dregið hefur verið úr afhendingu viðurkenninga við brautskráningu og nú er eingöngu tilgreint hver er með hæstu meðaleinkunn og honum veitt viðurkenning. Skólameistari sagði frá því að hann sendi póst til foreldra nemenda undir 18 ára um að borist hefðu upplýsingar um aukna grasneyslu einstaklinga á framhaldsskólaaldri.

**3. Fjármál og mótvægisáðgerðir**

Skólameistari fór yfir fjármál skólans en neikvæð afkoma samkvæmt ársreikningi 2022 var 50 milljónir. Samanlagður halli síðustu fjögurra ára er kominn upp í 120 milljónir. Skilað hefur verið stefnuskjali til þriggja ára til ráðuneytisins. Skólameistari fór yfir skjalið. Skorið hefur verið niður í fjarnáminu sem hefur skilað hefur lægri launagreiðslum en líka lægri sértekjum. Skólinn er með hæstu dagvinnulaun kennara meðal framhaldsskóla. Dregið hefur úr langveikindum og er nú 1,5 starfsmaður í veikindaleyfi. Starfsbrautin mun reka sig miðað

við áætlanir. Væntanlega verður gerður nýr samningur við Hótel Berjaya um sumarleigu á heimavist. Fjárhagsáætlanagerð mun ljúka í lok mánaðarins.

#### 4. Starfsmannamál vorannar

Magnús Helgason er í hálfu veikindaleyfi og Ólöf Björk Bragadóttir í fullu veikindaleyfi. Dagur Skírnir Óðinsson og Hildur Bergsdóttir eru í launalausum leyfi þetta skólaár. Dagur Skírnir leysti Magnús H. þó af á fyrri spönn. Frá og með 1. janúar mun kennslustjóri fjarnáms fara úr 100% í 75% starf og umsjónarmaður bókasafns úr 85% í 50%.

#### 5. Félagslíf nemenda – á döfinni

Sebastían fulltrúi nemenda sagði frá félagslífinu. Árshátíðin 1. des. verður föstudaginn 1. des. og tveimur vikum síðar verður sönghátíðin Barkinn, 13. des. 14 nemendur hafa skráð sig í söngkeppnina. Farið er að plana næstu önn. Á döfinni er að halda annað ball, um miðjan febrúar. LME mun setja upp Litlu Hryllingsbúðina sem er söngleikur. Íþróttafélagið mun halda Áramótið í næstu viku og málfundafélagið er að vinna að því að finna þjálfara fyrir Morfís. Gettu betur liðið er byrjað að æfa fyrir keppni og er Jóhann Hjalti þjálfari þess. Rafíþróttafélagið er starfandi og er komið með lið fyrir FRÍS. Öll félög eru virk og félagslífið er öflugt þetta skólaárið.

#### 6. Önnur mál.

- a. Kristján Ketill sagði frá að í gær átti að undirrita samstarfsyfirlýsingu á milli Hallormsstaðaskóla og Háskóla Íslands en það frestaðist fram í næstu viku. Hann er í samstarfsnefndinni. Hugmyndin er að taka 60 eininga námið í Hallormsstaðaskóla og gera það að 60 eininga diploma-námi á háskólastigi sem nýtist þá nemendum betur. Ef af þessu verður getur það opnað tækifæri fyrir nemendum og starfsfólk ME.
- b. Ráðherra hefur dregið til baka allar hugmyndir um sameiningar framhaldsskóla. Fyrirhugað er að skólameistari og formaður skólanefndar fari í heimsókn til VA. Nemendafélagið hefur boðið nemendum í VA á allar sínar samkomur.
- c. Spurt er um bókasafn og hvort hægt sé að vera með menntaskóla án bókasafns.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Skúli Björn Gunnarsson



Stefán Bogi Sveinsson



Kristján Ketill Stefánsson



Þorvaldur P. Hjarðar

